

136 **Brjef stjórnarráðsins til landlæknis viðvíkjandi eftirliti hjer-
aðslækna með yfirsetukvennaverkfærum.**

3. des.

Í brjefi, dagsettu 20. f. m., hafið þjer, herra landlæknir, látið þess getið, að þjer hafið orðið þess var, að verkfæri yfirsetukvenna endist illa; þær fari margar illa með verkfæri sin, skemmi þau og týni þeim, svo að ný verkfæri sjeu oft glötuð eða lítt nýtileg eftir fá ár, og þá heimtuð ný verkfæri — eða yfirsetukonur sitji árum saman með ónýt áhöld; verkfæri sin hafi yfirsetukonur hingaðtil fengið hjá sýslumönnum eftir ráðstöfun stjórnarráðsins, en yður virðist haganlegra, að læknar annist þetta, taki við verkfærum þeirra yfirsetukvenna, sem frá fari, og útvegi ný verkfæri þar sem þess þarf. Til þess nú að yfirsetukonur hafi jafnan nýtileg verkfæri og fari vel með þau, teljið þjer nauðsynlegt, að hjeraðslæknir skoði verkfærin einu sinni á ári, og að yfirsetukonum sje gjört að skyldu að halda við verkfærunum, kaupa ný áhöld í stað þeirra, sem þær glati eða ónýti, sbr. niðurlag 4. gr. yfirsetukvennalaga 17. desbr. 1874.

Með því að stjórnarráðið verður að fallast á framangreint álit yðar, er yður samkvæmt tillögum yðar hjermeð falið:

- 1) að leggja fyrir yfirsetukonur landsins að halda við verkfærum sínum, sýna þau hjeraðslækni hvenær sem hann krefst þess, og afhenda honum þau, er þær láta af yfirsetustarfinu í því umdæmi, er þær hafa verið í skipaðar;
- 2) að taka ný verkfæri hjá lyfsalanum í Reykjavík, — sem undanfarið hefir útvegað þessi verkfæri, — í ný umdæmi og í þau umdæmi, þar er hjeraðslæknar finna ónýt verkfæri eða úrelt, og
- 3) að leggja fyrir hjeraðslækna landsins að skoða öll yfirsetukvennaverkfæri, hver í sínu hjeraði á hverju ári, og að öðru leyti hafa það eftirlit með þeim, sem þjer teljið nauðsynlegt.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og eftirbreytni.

137
30. nóv

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á

heilbrigðissamþykt fyrir Geithellahrepp í Suðurmúlasýslu.

Samkvæmt lögum 10. nóvbr. 1905 um heilbrigðissamþyktir fyrir bæja- og sveitafjelög er hjermeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykt fyrir Geithellahrepp í Suðurmúlasýslu, sem samín hefir verið af sýslunefndinni í nefndri sýslu.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþyktin hefir gildi fyrir Geithellahrepp.

2. gr.

137

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni tveir menn, annar kosinn af hreppsnefnd Geithellahrepps, en hinn af sýslunefnd Suðurmúlasýslu; kosningin gildir til þriggja ára.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa, eða hinir tveir nefndarmenn eða hjeraðslæknir óskar þess, þó eigi sjaldnar en þrisvar á ári, í marsmánuði, í júnimánuði, í októbermánuði; hann ákveður fundartíma, en nefndin öll fundarstað, stjórnar fundum, ritar í fundarbók gjörðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriftir og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, en skal þá tafarlaust skjóta málinu til sýslumanns.

Hjeraðslæknir og sýslumaður eiga heimting á að sitja fundi nefndarinnar og taka þátt í umræðunum, en ekki hafa þeir atkvæðisrjett; formaður skal boða þeim fundinn í tæka tíð.

Ritfangakostnað og kostnað, er hlýst af brjefaskriftum, skal greiða úr hreppssjóði eftir reikningi.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþyktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinam.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka alt það, er umrædir í þessari samþykt, eða mikla þýðing hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannaferi eða einstakra manna eign.

Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar eignir á því svæði, er samþyktin nær yfir, og er henni heimilt að skifta þessu starfi milli nefndarmanna. Ef nokkur einn nefndarmaður, annar en formaður, krefst inngöngu í hús manna til skoðunar í umboði nefndarinnar, þá skal hann hafa í höndura skriflegt umboð frá formanni nefndarinnar.

Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók alt það, er hún finnur aðfinsluvert samkvæmt þessari samþykt, og skal hún skriflega skipa þeim, er í hlut eiga, fyrir um, hvað þeir eigi að gjöra til umbóta, ella tilkyrta sýslumanni, ef um brot er að ræða gegn samþyktinni.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsynlega einhverja þrífnaðarumbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr hreppssjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir hreppsnefnd og fara fram á að fje sje veitt.

Nú hafnar hreppsnefnd slíkri fjárveitingu og er þá heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar.

II. Um frárcæslu.

6. gr.

Eldhússkolp og þvottaskolp má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sje á því, að jarðvegurinn undir húsum saurgist; skal veita öllu

137 skolpi burt frá húsum í opnum eða lokuðum ræsum svo langt sem heilbrigðis-
30. nív. heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

Öll skolpræsi, hvort heldur er á almannafæri eða einstakra manna eign, skulu vera svo við og hallajöfn, að hvergi flói út úr þeim og hvergi komi pollar eða vilpur; skal hreinsa þau svo oft, að ekki leggi ódaun úr þeim.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsyn á því, að vatnsheldur botn sje gjörður í nokkurt ræsi, þá er henni heimilt að heimta slíka aðgerð.

7. gr.

Ef ræsi er gjört fram með alfaravegi á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga fram með veginum, skyldir að gjöra skolpræsi hver frá sínu húsi út í göturæsið og skulu þau ræsi ekki lakari að gjörð en göturæsið.

III. Um vatnsból.

8. gr.

Öll opinber vatnsból skal verja hverskonar óhreininum; er bannað að láta í þau fara eða að þeim koma renslu úr skolpræsum, forum, haugstæðum, salernum eða peningshúsum, og má ekki láta í þau eða nærri þeim neinskonar saurindi, sorp, slor eða hræ, og ekki þvo í þeim eða fast við þau hvorki fatnað nje fisk, nje ull, eða neitt það annað, er óhreinkar vatnið, eins fyrir því, þótt um straumvatn sje að ræða; bannað er og að leggja húðir í bleyti í vatnsból eða nærri þeim.

9. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum en svo, að milli-
bilið sje 15 álnir.

Nú vill einhver gjöra nýjan brunn eða breyta gömlum brunni, og skal hann tilkynna það heilbrigðisnefndinni, en hún skal leggja dóm á vatnið, þá er greftri eða borun er lokið, hvort það er nýtilegt, og hafa gát á því að brunnurinn sje gjörður á þann hátt, sem hjer segir:

Ef brunnur er boraður og járnleggir settir niður, skal gæta þess, að sam-
skeytin milli leggjanna sjeu vatnspjett.

Ef brunnur er grafinn, þá skal hlaða hann upp innan úr höggnu grjóti eða hörðum múrsteini og lima stein við stein með steinlími, og skal hleðslan þannig gjörð svo langt að neðan sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa, en aldrei skemur en nemi 2 álnum. Í stað slíkrar hleðslu má heilbrigðisnefnd leyfa að hafa steinsteypu. Niður með hleðslunni að utan skal láta einhverskonar límkendan leir og skal það lag vera 1 alin á þykkt. Hleðslan skal ná $\frac{1}{4}$ alin eða meira upp úr jörðinni, og út frá brunnbarminum skal leggja eða steypa steinkraga og skal hann vera $1\frac{1}{2}$ alin á breidd að minsta kosti og halla út frá brunnopinun.

Yfir brunnopinum skal vera vatnsheldur hlemmur og skal taka vatn úr **137** brunninum með dælu, er gangi gegnum miðjan hlemminn, en upp með dælunni **30. nóv** skal ganga strompur með hatti yfir, svo að loft komist að vatninu.

Þar sem strjálbyggt er og engin óhreinindi í nánd, má heilbrigðisnefnd leyfa að brunnar sjeu gjörðir úr grjóti án steinlíms og vatnið halað upp í fötu. Utanum opna brunna skulu jafnan vera grindur, er sje að minsta lagi $1\frac{1}{2}$ alin að hæð.

10. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka vatn úr brunni um stundarsaker, ef hún álitur vatnið óheilmæmt. Ef læknisrannsókn leiðir í ljós, að vatnið sje skaðvænt og ekki er unt að gjöra við brunninn, svo að vatnið verði ósagnæmt, þá skal heilbrigðisnefnd skipa eiganda að moka otan í brunninn og fylla hann svo, að engu vatni verði úr honum náð.

IV. Um peningshús, hauga og forir.

11. gr.

Stórgripi og sauðfje má ekki hafa í mannhúsum nema með sjerstöku leyfi og eftirliti heilbrigðisnefndar.

12. gr.

Ef einhver vill reisa peningshús, eða gera for, eða haugstæði, eða haughús, þá skal hann gjöra heilbrigðisnefnd aðvart áður en hann byrjar verkið, og skal hún gæta þess, að haldin sjeu fyrirmæli þau, er hjer fara á eftir:

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en nemi 15 álnum; fjós má ekki setja nær alfaravegi en nemi 10 álnum.

For má ekki gera eða hafa haug nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Forarveggir skulu jafnan ná $\frac{1}{4}$ álnir eða meir upp úr jörðu, og skal hafa yfir hverri for sterkan hlera, svo að örugt sje um að menn eða skepnur geti ekki fallið í forina.

Ef hús standa þjett saman, getur heilbrigðisnefnd bannað mykjuhauga og haughús og heimtað að forir skuli gjöra úr höggnu grjóti og steinlími eða steinsteypu, svo að þær sjeu vel vatnsheldar, bæði botn og veggir.

13. gr.

Ef peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en þessi samþykkt, valda miklum óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi greinar, en heimilt er þó eiganda að skjóta fyrirskipun nefndarinnar á 8 daga fresti undir úrskurð sýslumanns; sýslumaður skal leita álits hjeraðslæknis og þvínæst kveða upp úrskurð í málinu svo fljótt sem verða má.

V. *Um salerni.*

14. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið reisa salerni og skal það ekki vera nær dyrum, gluggum eða vindaugum á húsinu, en nemi 5 álnum, og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Gólfíð í salerninu skal vera steinsteypt og hærra en jarðvegurinn í kring; hafa skal í salerninu saurkagga vel vatnsheldan og skal hann ná fast upp að setunni.

Heilbrigðisnefnd getur leyft að hafa salerni innanhúss í sjerstökum klefa, ef útigluggi á hjörum er á klefanum, gólfíð steinsteypt og tvö ílát undir setunni, annað fyrir saur en hitt fyrir þvag.

Ef vatnsheld for er gjörð hjá húsinu, má heilbrigðisnefnd leyfa að hafa salerni yfir forinni, þannig að saurindin fari beina leið í forina.

15. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hrein, og saurilátin skal tæma áður en þau fyllast. Heilbrigðisnefnd skal segja til um hvar láta megi saurindi úr salernum.

16. gr.

Ef engin salerni fylgja þeim húsum, sem eldri eru en þessi samþykkt, eða þau ein, sem illa eru gjörð og mikill óþrifnaður að, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum, að þeir gjöri ný salerni á þann hátt, er segir í 14. gr.

VI. *Um sorp og önnur óhreinindi.*

17. gr.

Sorphaugar eða sorpgryfjur skulu ekki vera nær íbúðarhúsum en nemi 5 álnum og ekki nær vatnsbólum en nemi 15 álnum. Flytja skal burtu alt sorpið að minsta kosti tvisvar á ári, vor og haust.

Ef hús standa þjett saman, getur heilbrigðisnefnd heimtað að sorpi og ösku sje safnað í laus ílát úr málni og flutt burtu áður en ílátin fyllast.

18. gr.

Það er skylda sjómanna að fleygja öllu slori í sjóinn, svo að út taki, ef því ekki er safnað í gryfjur á þeim stöðum, sem heilbrigðisnefnd leyfir, eða á annan hátt notað. Formenn eða skipstjórar bera ábyrgð á því, að þessu ákvæði sje hlýtt.

19. gr.

Ef einhverskonar óhreinindi safnast í kringum hús manna, svo að fýlu-loft eða daunilt renslí fer út á alfaraveg eða inn á eignir þeirra, er næstir búa,

þá getur heilbrigðisnefnd skipað húsráðanda eða þeim, er óþrifnaðinum veldur, **137**
að flytja burtu óhreinindin tafarlaust. 30. nóv.

VII. Um slátrun sauðfjár o. fl.

20. gr.

Í kauptúnum og annarstaðar, þar sem tekið er á móti sláturfje til sölu, er heilbrigðisnefnd heimilt að skipa svo fyrir, að slátrun sauðfjár fari fram á vissum tilteknum stöðum, er sju útbúnir á þann hátt, er hjer segir:

Slátrunarsvæðið skal umgirt með þiljaðri girðingu, er sje að minsta kosti 1½ alin á hæð. Grunnurinn skal vera steinsteyptur flötur, eða úr hefluðum, plægðum borðum, svo að auðvelt sje að halda honum hreinum. Utanum grunninn skulu vera rennur með hæfilegum halla til að taka á móti öllu skolpi og leiða það burtu, annaðhvort í sjóinn eða þar til gjörða for, er vera skal vatns- held. Allar kindur skulu flegnar í gálga eða á þar til gjörðum bekkjum.

21. gr.

Þegar slátrunarstörfum er lokið að kveldi, skal daglega hreinsa blóðvöllinn, fleygja öllu gori í sjóinn, sje því ekki safnað í for eða borið á tún jafnóðum.

22. gr.

Öllum sullum og meinum úr sláturfje skal safna í tunnur jafnóðum og þau eru tekin úr skepnunum og skal heilbrigðisnefnd sjá um að þeir verði eyðilagðir á þann hátt, sem lög mæla fyrir.

23. gr.

Móttökumaður sláturfjár ber ábyrgð á, að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um slátrun sje hlýtt.

24. gr.

Hver sá iðnaður, er óhollusta fylgir eða óþrifnaður, t. d. lýsisbræðsla, sýtun o. s. frv., skal vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar að því er hreinlæti snertir, bæði utan húss og innan.

VIII. Um bökunarstofur.

25. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á öllum bökunarstofum í hreppnum og -og skipa bakara að þvo gólf, loft og veggi hvenær sem óhreint er.

- 137** Þeir mega ekki vinna að brauðgjörð, sem lungnatæring hafa eða annan
 30. nóv. næman sjúkdóm, eða opin sár, eða útbrot á höndum eða handleggjum.
 Deig má ekki hnoða með fótunum.
 Öll tóbaksnautn er bönnuð í bakarastofu og enginn má sofa í stofunni.

IX. Um matvöru.

26. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gát á því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, sem svikin er, eða skemd, eða skaðleg fyrir heilsu manna.

Nefndinni skal vera frjálst með samþykki hreppsnefndar að taka í búðum fyrir gangverð sýnishorn af hverri matvöru, þeirri er hún telur líkur til, að svikin sje eða skemd, eða skaðleg fyrir heilsu manna, og láta rannsaka hana.

Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn hjeraðslæknis eða annara manna, er vit hafa á, að einhver matvara er svikin eða skemd og ekki nýtileg til manneldis, og skal þá lóga vörinni eða á einhvern hátt gera hana óskaðlega heilsu manna á kostnað þess, er vöruna hafði á boðstólum.

Kjöt af veikum skepnum eða sjálfdaudum má ekki selja til manneldis nema hjeraðslæknir eða dýralæknir leyfi.

X. Um íbúðarhús.

27. gr.

Öll þau hús, sem leigð eru til íbúðar, þar með taldar sjóbúðir, skulu vera svo gerð að unt sje að halda þeim hreinum; gluggar skulu vera á hjörum, að minsta kosti einn í hverju herbergi, og trjególf í öllum íverustofum.

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda, að ræstað sje herbergi í íbúðarhúsi, ef herbergið er svo óhreint að nefndin álitur húsbúum hættu búna.

28. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gjört eða hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álitur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur nefndin bannað íbúðina.

Nefndin skal tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er eigi bætt á þeim tíma, svo að nefndinni líki. Þó er húseiganda frjálst á 8 daga fresti að skjóta skipan nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns, en hann skal leita álits hjeraðslæknis og því næst leggja úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

29. gr.

137
30. nív.

Bannað er að taka kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar.

Nefndin getur bannað íbúð í gömlum kjöllum, ef þeir eru mjög rakir, eða dimmir, eða þröngir.

Undir íbúðarhúsum, sem reist eru hjer eftir, má ekki hafa kjallara svo gjörða, að vatn standi í þeim nokkurn tíma.

XI. Um skóla.

30. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti tvisvar á ári, í byrjun skólaársins og á því miðju.

Hver sá, er tekur til kenslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd hvar hann ætlar að kenna.

31. gr.

Hver kenslustofa handa börnum skal vera svo stór, að 80 rúmfet komi á hvert barn í minsta lagi. Allir gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal þvo á degi hverjum en ekki sópa.

32. gr.

Ef heilbrigðisnefnd verður í skóla vör við börn eða kennara, er hafa einhvern næman sjúkdóm, þá skal hún þegar tilkynna hjeraðslækni nöfn og heimili þeirra, er sjúkir eru.

Ef skólabarn eða kennari hefir berklasótt og læknir álitur, að um mikla sóttnæmishættu sje að ræða, þá getur heilbrigðisnefnd bannað að barnið eða kennarinn komi í skólann, þar til er sóttnæmishættan að dómi læknis er um garð gengin.

Holdsvaik börn mega ekki ganga í skóla og holdsveikir menn ekki fást við barnakenslu.

XII. Um næma sjúkdóma.

33. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómum, skal heilbrigðisnefnd aðstoða hjeraðslækni við sóttvörnina.

Ef upp kemur alvarlegur næmur sjúkdómur á því svæði, er samþyktin nær yfir, eða í nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt í samráði við hjeraðslækni að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli, en í samþykt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XIII. Um kirkjugarða.

34. gr.

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan garð, skal leita álits heilbrigðisnefndar og getur hún heimtað, að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef þar er svo raklent, að vatn komi upp í grafirnar nokkru sinni.

Vatnsból skulu ekki vera nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brekku, en nemi 100 álnum.

Allir kirkjugarðar skulu vera grasi grónir.

Grafa skal svo djúpt, að tveggja álna moldarlag sje ofan á kistu.

XIV. Um sektir o. fl.

35. gr.

Allan kostnað, sem af nefndarstörfum heilbrigðisnefndar leiðir, skal borga úr sveitarsjóði eftir reikningi, er hreppsnefnd samþykkir. Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og hreppsnefndar út af slíkum reikningum, sker sýslumaður úr.

36. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipan, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 kr. sekt.

Ef heilbrigðisnefnd kys heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabyrgðar úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim er sekur er.

37. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. febrúar 1909.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands 30. nóvember 1908.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Magnússon.